

**115. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
19. nóvember 2019 og hófst hann kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1906161 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar**

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar kynnt og sett fram til umsagnar til Velferðar- og mannréttindaráðs. Jafnréttisstofa hefur mótttekið og yfirfarið jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar og metur það svo að þær uppfylli kröfur laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir ánægju sinni með Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar. Ráðið leggur áherslu á að áætlanirnar verði hafðar að leiðarljósi í allri vinnu hjá Akraneskaupstað.*

**2. 1709089 - Uppgjör á bankainnistæðum sambýlisins að Vesturgötu 102**

Lögð fram drög að uppgjóri á Sambýlinu að Vesturgötu 102 sem hætti starfsemi í byrjun árs 2014. Um er að ræða annars vegar bankareikninga sem fyrrum íbúar sambýlisins lögðu inn á til sameiginlegs reksturs heimilisins og hins vegar sem hagsmunaaðilar lögðu inn á til að styðja við starfsemi sambýlisins.

*Velferðar- og mannréttindaráð mælir með því að farið verði eftir þeim drögum sem kynnt voru varðandi uppgjör á sambýlinu á Vesturgötu 102. Ráðið leggur áherslu á að gengið verði frá þessu hið fyrsta.*

**3. 1904110 - Holtsflöt 9 - Vaktafyrirkomulag**

Kynnt staða í búsetu fatlaðra.

*Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðstjóra að taka saman kostnað vegna tímabundinnar viðbótar í starfsmannahaldi. Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðstjóra að fylgja málinu eftir inn í bæjarráð.*

**4. 1410055 - Trúnaðarmál**

Trúnaðarmál

Trúnaðarmál.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

Kristinn H. Sveinsson  
Anna Þóra Þorgilsdóttir  
Einar Brandsson  
Sveinborg Kristjánsdóttir  
Hrefna Rún Ákadóttir